



Akureyrarbær

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar - 1 - fundargerð

13. október 2020 kl. 11:00 – 12:10

Fjarfundur - ZOOM

Nefndarmenn

Helgi Snæbjörnsson formaður öldungaráðs
Arnrún Halla Arnórsdóttir öldungaráð
Elías Gunnar Þorbjörnsson öldungaráð
Sigríður Stefánsdóttir fulltrúi EBAK í öldungaráði
og varaformaður
Halldór Gunnarsson fulltrúi EBAK í öldungaráði
Valgerður Jónsdóttir fulltrúi EBAK í öldungaráði
Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN í
öldungaráði
Halla Björk Reynisdóttir forseti bæjarstjórnar
Andri Teitsson
Hlynur Jóhannsson
Eva Hrunn Einarsdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Gunnar Gíslason
Heimir Haraldsson
Hilda Jana Gísladóttir
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson

Starfsmenn

Kristinn Jakob Reimarsson sviðsstjóri
samfélagssviðs ritaði fundargerð

-
- 1) Halla Björk forseti bæjarstjórnar bauð fundarmenn velkomna á fundinn.
 - 2) Helgi Snæbjörnsson formaður öldungaráðs fór yfir hlutverk ráðsins samkvæmt samþykkt um ráðið og lögum sem ráðið vinnur eftir. Kallaði hann eftir meira samráði á milli ráðsins, bæjarstjórnar og nefnda á vegum bæjarins.

Sóley Björk sagði frá nefnd á vegum bæjarins sem væri að vinna með aukið íbúalýðræði og horft væri til þess að auka samráð við eldri borgara.

- 3) Guðmundur Baldvin formaður bæjarráðs fór yfir fjárhagsstöðu bæjarins og kynnti tölur um mannfjöldaspá. Fram kom í máli Guðmundar Baldvins að fjárhagstaða bæjarins væri mjög erfið.
- 4) Sigríður Stefánsdóttir gerði grein fyrir reynslunni og lærdómnum af störfum ráðsins og samstarfi um öldrunarmál innan bæjarkerfisins frá stofnun ráðsins. Erindi Sigríðar má lesa hér aftar í fundargerðinni.

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

- 5) Halldór Gunnarsson fór yfir áherslumál er lítur að aukinni heilsuefningu fyrir eldri borgara. Erindi Halldórs má lesa hér aftar í fundargerðinni.
- 6) Valgerður Jónsdóttir fór yfir verðlagning á þjónustu fyrir eldri borgara á Akureyri í samburði við önnur sveitarfélög. Erindi Valgerðar má lesa hér aftar í fundargerðinni.
- 7) Heimir Haraldsson formaður velferðarráðs fór yfir stöðu öldungaráðs innan stjórnarsýslunnar. Ræddi hann um mikilvægi þess að samræma þyrfti betur þjónustu á vegum bæjarins. Sagði hann frá nýju velferðarsviði sem yrði til með sameiningu fjölskyldusviðs og búsetusviðs. Væntingum til nýrra heilsugæslustöðva og samstarfinu við ÖA.
- 8) Umræður. Undir almennum umræðum í lok fundar var m.a. komið inn á eftirtalin atriði:
 - Töluvert var rætt um tekjutengingar og þá við hinar ýmsu gjaldskrár. Rætt var um afsláttarkjör til eldri borgara og spurt hvenær afsláttarkjör eigi að fara telja, við hvaða aldur.
 - Sagt var frá mælaborði fyrir eldri borgara sem ÖA er að fara vinna að. Um er að ræða þróunarverkefni sem lýtur að því að undirbúa og þróa mælaborð sem gefi upplýsingar um líðan og velferð aldraðra.
 - Mikilvægi þess að bærinn haldi betur utan um heilsuefningu fyrir eldri borgara. Það hafa ekki allir tök á því að greiða fyrir heilsuefningu sem er í boði á líkamsræktarstöðvum. Spurt var um hvort EBAK hafi leitað eftir samstarfi við íþróttafélögin í bænum.
 - Bæta þarf upplýsingaflæði um þau tilboð sem standa eldri borgurum til boða. T.d. vantar að setja bæklinga um félagsstarfið í Víðilundi inn á heimasíðu bæjarins.
 - Öldungaráð á ekki að vera þrýstihópur fyrir aldraða, það þarf að vera meira samtal á milli aðila.
 - Spurt var um stöð aldraðra á COVID-tímum.
 - Skilgreina þarf betur stöðu öldungaráðsins innan stjórnarsýslunnar og lagt til að ráðið yrði hluti af nýju velferðarsviði og þá vistað hjá velferðarráði.

Halla Björk formaður bæjarstjórnar þakkað fyrir góðan fund og lagði áherslu á mikilvægi þess að geta skipts á skoðunum og að samtalið verði að vera til staðar og oftast en hefur verið hingað til.

Fundi slitið kl. 12:10.

Sigríður Stefánsdóttir:

Ég ætla að ræða reynsluna af starfi öldungaráðs, eins og hún blasir við mér og fulltrúum eldri borgara – og að ég tel annarra í ráðinu. Og gefa yfirlit um nokkur af málum sem gerð hefur verið tillaga um.

En ég byrja á nokkrum tilvitnunum:

Fyrst - **Ekkert um okkur án okkar**

Aldagamalt grundvallarviðmið í lýðræðislegri stefnumótun og ákvörðunum og þýðir að engu stefnu á að móta eða taka ákvarðir, sem varða ákveðna hópa – án fullrar þátttöku fulltrúa frá þeim hópum

Samtök fatlaðra notuðu þetta fyrst hér á landi - og hefur breiðst til fleiri hópa.

Á mjög vel við um eldri borgara og þjónustu við þá.

Annað: Ásthildur bæjarstjóri flutti mjög gott erindi á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga um Nýsköpun þjónustu

Hún sagði m.a. að að heimsfaraldurinn hafi vakið sveitarstjórnarfólk upp af vondum draumi. Því nú blasir það við sem menn vissu auðvitað innst inni en hætti til að gleyma - **að fólk er ekki til fyrir kerfið, heldur kerfið fyrir fólk.**

Hún talaði m.a. um tæknilausnir og að einfalda þurfi alla ferla, gera afgreiðslu mála skilvirkari og síðast en ekki síst eigi ekki að sólunda tíma og orku í að finna upp hjólið.

Þetta er eins og talað út úr okkar hjarta. Við höfum t.d. bent á að heimasíða bæjarins sé enn of flókin fyrir margt eldra og ekki tölvuvant fólk og bent á einfaldar upplýsingarsíður um þjónustu við aldraða í Reykjavík og Garðabæ. Svarið sem okkur barst var – nei, kerfið sem við notum ræður ekki við þetta.

Íbúasamráð

Á fundi bæjarráðs núna 24. september sl var samþykkt að stofna stýrihóp um íbúasamráð.

Hlutverk stýrihópsins er að hafa umsjón með íbúasamráðsteymi, sem hefur það hlutverk að safna og miðla þekkingu á aðferðum til íbúasamráðs, finna frumlegar og nútímalegar leiðir.

Við bendum á að það væri frábært skref og verðugt verkefni– að láta það sem þegar er til eins og öldungaráðið virka betur.

Og þá að reynslunni af öldungaráði á þessu kjörtímabili:

Fulltrúar félags eldri borgara hafa lagt miklu vinnu í starfið og lagt fram ábendingar, hugmyndir, tillögur og rökstuðning. Mjög fátt og ekkert, sem hefur kostað minnstu fjármuni hefur náð fram að ganga. Þessar tillögur ná til könnunar á högum og þjónusta við eldri borgara, um heilsueflingu, upplýsingagjöf, og um að þjónusta verði aðgengilegri og sveigjanlegri. Við höfum fjallað um verðlag á þjónustu, um félagsstarf og ýmislegt fleira.

Það sem okkur finnst alvarlegt er fálætið og áhugaleysið í kerfinu.

Hér hefur bæjarstjórn og starfsfólk bæjarins **lögbundinn ráð**, áhugasaman hóp til að hafa samráð við í samræmi við fyrirheit og vilja, sem kemur fram í orði en ekki á borði. Nokkrir eða einstaka starfsmenn hafa virt þetta samráð og sinnt kynningu á nýjungum og starfsemi.

Síðustu mánuðir hafa verið erfiðir fyrir marga og sérstök ástæða til að hafa samráð um velferð eldri borgara á tímum covid og aðgerðir til að draga úr slæmum áhrifum. Þetta hefur ekki verið gert.

Við höfum líka aðeins frétt úr fjölmiðlum, að hætta sé á að veigamikill hlekkur í öldrunarþjónustu hverfi úr umsjón sveitarfélagsins.

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

Samvinna og samráð getur bætt alla vinnu og útkomu. Fulltrúar eldri borgara í ráðinu voru kosnir á fjölmönnum aðalfundum Félags eldri borgara, eru í góðri samvinnu við stjórn og eiga öflugan bakstuðning hjá hópi eldri borgara. Bæði hjá fulltrúunum sjálfum og ekki síður hjá baklandinu er mikil þekking og reynsla fyrir hendi - sem ætti að vera áhugi og vilji að nýta.

Við höfum líka uppgötvað atriði sem okkur finnst alvarlegt. Það vantar tilfinnanlega yfirsýn, heildarsýn og stefnumörkun í málefnum aldraða. Það koma margir að þjónustu við þennan hóp og starfið er vistað víða í kerfinu. Mjög margir starfsmenn eru að gera sitt besta og margt er vel gert í þjónustu.

En alltof oft og víða vantar yfirsýn og vitneskju um hvað aðrir, annars staðar í kerfinu, eru að gera. Þetta hefur oft komið fram í okkar vinnu- og margir starfsmenn og stjórnendur eru okkur sammála.

Við komumst að því þegar við fórum yfir velferðarstefnu bæjarins og aðgerðaráætlun vegna hennar – að þar vantaði sárlega ákvæði um málefni og þjónustu við eldri borgara.

Af þessum ástæðum samþykkti öldungaráð tillögu um að mótuð verði aðgerðaráætlun í málefnum eldri borgara. Tillagan var lögð fyrir bæjarráð og fékk jákvæðar undirtektir – sem er ánægjulegt. Ákveðið var að ræða málið betur á sameiginlegum fundi. Nú eru liðnir 8 mánuðir og eftir engu að bíða að hefjast handa. Þetta er atriði, sem kostar ekki mikla fjármuni.

Halldór Gunnarsson:

Ágætu bæjarfulltrúar.

Við vitum vel að við lifum á fordæmalausum tímum og að fjárhagsstaða bæjarins er erfið. En stundum, eiginlega alltaf, er gott að horfa fram í tímann, það er oft dýrt að spara og að leggja fram fé nú getur sparað heilmikið í framtíðinni. Þær tillögur sem við höfum lagt fram vegna fjárhagsáætlunar í fyrra og á umliðnum árum eru allar í fullu gildi og ná vonandi einhverjar fram að ganga.

Margt af því sem við höfum lagt til kostar ekki peninga og því um að gera að drífa í þeim hlutum strax – við erum tilbúin til góðrar samvinnu.

1. Ályktanir aðalfundar EBAK - Félags eldri borgara á Akureyri árin 2019 og 2020 um heilsueflingu þessa aldurs hóps hafa verið sendar bæjarstjórn og þeim vel tekið. Stofnaðir hafa verið starfshópar á vegum bæjarins til þess að vinna að þessu verkefni en fram til þessa hefur lítið gerst.
2. Öldungaráð Akureyrarbæjar og félag eldri borgara hafa á síðustu árum lagt mikla áherslu á að Akureyrarbær í samstarfi við félagið móti stefnu og ráðist í markvissa heilsueflingu og forvarnir fyrir eldri borgara. Á Akureyri eru kjör aðstæður til þess að hrinda þessu mikilvæga verkefni í framkvæmd.
Til staðar eru íþróttamannvirki s.s. íþróttasalir við grunnskólana, sundlaugar, íþróttahöll, fótboltahús, skautahöll, reiðhöll, golfvöllur, útivistarsvæði og göngustígar í Kjarnaskógi og víðar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli og fleira mætti nefna. Þá er fyrir hendi menntað fagfólk í sveitarfélaginu til þess að sinna markvissri og fjölbreyttri hreyfingu og þjálfun.
Þessi staða gerir okkur kleift að bjóða upp á fjölbreytta heilsueflingu innanhúss sem utan fyrir fjölda manns á hverjum tíma.

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

3. Aðgerðaáætlun sem snýst um heilsueflingu og forvarnir fyrir eldri borgara þarf að vera markviss og framkvæmd í skrefum í samstarfi við félag eldri borgara.
Starfsmaður á vegum bæjarins ásamt fulltrúum frá félagi eldri borgara og tilteknum sviðum bæjarins þurfa að koma að vinnu verkefnisins og fylgja því eftir.
Félagsstarfið í félagsmiðstöðvum eldri borgara í Bugðusíðu og Víðilundi er hluti af heilsueflingu félagsins og bæjarins og sannarlega mikilvæg starfsemi.
Til viðbótar félagsmiðstöðvunum er nauðsynlegt að bjóða upp á meiri hreyfingu og líkamsþjálfun fyrir stærri hópa eldri borgara þar sem fagfólk kemur að verkefnum þ.e. íþróttakennarar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfara og fleiri.
Í hverfum bæjarins væri heppilegt að nýta íþróttasali skólanna fyrir þá sem þar búa til að koma saman til æfinga og líkamsræktar af ýmsum toga og sömuleiðis nota önnur íþróttamannvirki bæjarins s.s. sundlaugar fyrir vatnsleikfimi og Bogann fyrir göngur svo dæmi séu tekin.
4. Samstarf við íþróttafélögin á Akureyri er varðar heilsueflingu eldri borgara væri góður kostur og myndi skapa ýmis tækifæri fyrir eldri borgara.
5. Markmið heilsueflingar er ekki síst að auka lífsgæði hinna eldri þannig að draga megi úr öldrunareinkennum og að hinir eldri geti betur sinnt athöfnum daglegs lífs, búið lengur heima o.s.frv. Þetta seinkar innlögn á dvalar- og hjúkrunarheimili sem sparar í leiðinni sveitarfélaginu háar fjárhæðir.
6. Öldungaráð hefur lagt áherslu við bæjarstjórn Akureyrar að eldri borgarar fái frístundastyrki og frítt í sund eins og gert er í mörgum sveitarfélögum. Styrkurinn er m.a. hugsaður sem hvatning fyrir eldri borgara til þess að stunda líkamsrækt og aukna hreyfingu.
7. Til fróðleiks má geta þess hér að Fjallabyggð hefur samið við Janus-heilsueflingu um heilsueflingu. Kópavogur hefur nýlega skipulagt heilsueflandi verkefni í samstarfi við íþróttafélögin Gerplu, Breiðablik og HK. Reykjanesbær og Hafnarfjörður sömdu við Janus-heilsueflingu fyrir nokkrum misserum.
8. Til fróðleiks fyrir fundarmenn ætla ég að lesa stuttan texta sem ég fékk í tölvupósti frá deildarstjóra frístundadeildar – menntasviðs Kópavogsbæjar
Netfang Virkni og Velliðan í Kópavogi er evakatrinn94@gmail.com
Sjá einnig – facebooksíðu – virkni og vellíðan í Kópavogi.

Valgerður Jónsdóttir:

Um aldraða

Um 44.000 Íslendingar eru eldri en 67 ára, eftir 30 ár verða þeir um 88.000.

Eins og við vitum flest lækka yfirleitt laun fólks þegar það hættir að vinna, þess vegna er æskilegt og reyndar mjög mikilvægt að seld þjónusta sé eldri borgurum hagstæð. Í skýrslu sem Alþingi vann að beiðni Ágústs Ólafs Ágústssonar um kjör eldri borgara kemur fram að tæplega 6.000 eldri borgara voru með laun undir 293 þús. kr. á mánuði árið 2018. Fleiri konur en karlar voru með lægri tekjur.

(Um 15% eldri kvenna hafa tekjur undir 293 þús. kr. á mánuði og um 9% eldri karla. Ellilífeyrir án skerðinga 2018 var 239.494 kr. á mánuði og full heimilisuppbót til þeirra sem búa einir (eru tæplega 10.000 eldri borgarar af 44.000) var 60.516 kr. og fá þeir því samtals, 300.010 kr.)

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

Ég mun hér nefna nokkur dæmi um selda þjónustu bæjarins til eldri borgara. Bæjaryfirvöld á Akureyri fá stóran plús fyrir að hafa ókeypis í strætó, jafnt ferlibíl sem almenna strætisvagna. Í Kópavogi kostar t.d. 500 kr. stök ferð með ferlibíl.

Matur

Verð á seldum mat á Akureyri er aftur á móti dýrastur á landinu. Þar er mikill munur á, hvað veldur? Mikilvægt er að skoða og finna leiðir til að hafa hann ódýrari.

Heimsendur matur kostar **1.335 kr.** á Akureyri og kemur úr Hlíð, **en 745 kr. í R. + 210 í akstursgjald samtals 955 kr.**

Matur fyrir félagsmiðstöðvarnar er keyptur hjá Matsmiðjunni, en þar er hann auglýstur á **1.500 kr. á móti 1.700 kr.** í félagsmiðstöðvunum. Hvað veldur því?

Um er að ræða val um þrjá rétti, maturinn kemur í bökkum og er oft orðinn hálfkaldur þegar etinn er. Vel er skammtað og oft er afgangur. Væri ekki hægt að hafa einn rétt í boði sem kemur í ílátum á staðina og er skammtað þar að ósk þess sem kaupir?

Ekki hef ég heyrt um lýðheilsuþækkun varðandi matinn.

Fjöldi þeirra sem kaupir mat á staðnum eru venjulega 2-6 í Víðilundi og í Bugðusíðu venjulega 2-3 fer þó upp í 22 á góðum degi.

Í Reykjavík kostar slík máltíð **745 kr.** með korti en **815 kr.** stök máltíð. Með matseðlinum fylgir innihaldslýsing og ofnæmisvaldar eru merktir með rauðum lit. Fróðlegt er að kynna sér bækling um ráðleggingar á mataræði fyrir eldra fólk sem gefinn er út í Reykjavíkurborg. Máltíðir seldar í félagsmiðstöðvum eldri borgara í Reykjavík eru niðurgreiddar.

(Í Kópavogi er sama verð á mat og í Reykjavík. Í Hafnarfirði kostar máltíð **730 kr.** með afsláttarkorti en **790 kr.** stök máltíð. Á Seltjarnarnesi kostar máltíðin **kr. 835.**

Í Þorlákshöfn kostar hádegismatur **1.135 kr.**)

Ein kleina í Reykjavík kostar **105 kr.** Á Akureyri kostar hún **150 kr.** Kleina er náttúrulega bara kleina en það safnast þegar saman kemur.

Varla er svo mikill hagnaður af þessari mat- og kaffisölu að ekki væri hægt að lækka verð til jafns við önnur bæjarfélög og fá þ.a.l. mjög líklega fleiri eldri borgara til að nota þjónustuna og njóta samvista við annað fólk sem er eitt af því mikilvægasta fyrir eldra fólk. Nú er talað mikið um einmanaleika þessa hóps, en eitt það allra besta sem hægt er að gera til minnka hann er að snæða saman góða, holla máltíð yfir spjalli. Það gefur birtu í daginn og dagarnir eru dimmir nú um stundir.

Heimabjónusta

Gjald fyrir heimabjónustu er kr. **1.391** á klst. frá 1. janúar 2020 á Akureyri en **1.265 kr.** í Reykjavík.

Menning

Menningarkort í Reykjavík kostar **1.800 kr.** f. eldri borgara og gildir að öllum söfnum Reykjavíkurborgar og eftir árið er það endurnýjað án greiðslu. Á Akureyri kostar **900 kr.** á Listasafnið og aðrar **900 kr.** fyrir ferð á Minjasafnið.

Sund

Eldri borgarar á Akureyri borga 250 kr. í sund og 5.800 kr. fyrir árskort.

Víða um land er frítt í sund fyrir eldri borgara og auk þess eru í boði frístundakort fyrir eldra fólk byggt á sama grunni og fyrir börn. Í Hafnarfjarðarbæ miðast styrkurinn við tekjur undir 391.500kr. og er 4.000 kr. á mánuði. Það er nýtt, í nokkur ár fengu hann allir sem sýndu kvittun fyrir líkamsrækt óháð tekjum.

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

Einnig er sums staðar boðið upp á sundleikfimi á vegum sveitarfélagsins. Á Akureyri starfa slíkir hópar á eigin vegum.

Skíði

Ný gjaldskrá hefur tekið gildi á Akureyri þar sem afsláttur fyrir eldri borgara er felldur niður. Árskort á skíði í Hlíðarfjall fyrir 67 ára og eldri hækka úr ca **13.000 í 51.000, 40.500** ef kort er keypt í okt) Dagskort var **1.500 verður 5.600**. Þetta er gífurleg hækkun og hvetur eldra fólk ekki til skíðaiðkunnar.

Samræming á þjónustu fyrir eldri borgara er afar æskileg en margir eldri borgarar njóta þjónustu bæði frá ríki og bæ.

Væri ekki skynsamlegt að einn samræmingaraðili/þjónustufulltrúi tæki við upplýsingum frá eldri borgurum, þrátt fyrir sitt hvora stjórnun, bærinn, ríkið?

Þannig væri t.d. hægt að tilkynna um breytingar á þjónustu og fjarveru með einu símtali/tölvupósti. Það símanr. og netfang skal auglýsa vel og rækilega í bæklingum og heimasíðum sem tilheyra þessum flokki.

Auglýsingar eru mjög oft vanbúnar. Nefna má auglýsingu um námskeið í skapandi skrifum á vegum félagsmiðstöðvar í Víðilundi. Hvergi stóð í auglýsingunni hvert ætti að hringja til að skrá sig.

Einnig má nefna bólusetningu fyrir eldri borgara sem boðið er upp á í Víðilundi og Bugðusíðu sem er mjög fínt framtak. Ekki stóð í auglýsingu hvar á að skrá sig. En það er nú komið inn á heimasíðu Ebak.


Af hverju er ekki bæklingur um félagsstarf eldri borgara í Víðilundi og Bugðusíðu settur inn á heimasíðu félagsins og Facebook síðu Víðilundar, Lindarsíðu og hjá Akureyrarbæ?

Þetta eru bara nokkur atriði sem skipta miklu máli. Það má líka nefna samgöngur í milli félagsmiðstöðvanna, aðgengi að Boganum í hálfu og byl.


Margt er gott og vel gert á Akureyri. En afar gott væri að gera betur svo Akureyri standi undir nafni sem aldursvænt samfélag.

Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

Tölulegar upplýsingar sem lagðar voru fram á fundinum:



▲



Samráðsfundur öldungaráðs og bæjarstjórnar 13. október 2020 - 1. fundur

